




Elliðaárdalur – Stígur í stað stokks– Byggingarleyfisumsókn / USK23100208

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. nóvember 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja gönguleið sem samanstendur af tveimur brúm og áningarstað á milli þeirra, byggt á grunni gamals hitaveitustokks yfir Elliðaárnar í krikanum milli Miklubrautar og Reykjanesbrautar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Annað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir svæðið Elliðaárdalur - Opin svæði, Borgargarður. Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Samfélagsstofnanir geta verið heimilar, skv. ákvörðun í deiliskipulagi.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Elliðaárdal, samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2020 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingarlýsingu fyrir hjóla- og göngubrú við Grænugróf.

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir frekari útskýringu hvernig lýsingu á brúnni verði háttáð vegna viðkvæmrar staðsetningar með tilliti til lífríkis Elliðaáa. Lýsingahönnun var rýnd af verkefnastjóra skipulagsfulltrúa og ítrekað er mikilvægi þess að lýsingu verði með þeim hætti að ljós smitist ekki í ána.

Niðurstaða

- Ganga þarf frá rösku svæði í kringum stíginn þar sem áhersla skal vera á að endurheimta staðargróður. Að öðru leiti er ekki gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri